

meðferð stefnöndu á húsinu eða öðrum atvikum, sem hún ber ábyrgð á, t. d. hafi hurðir í húsinu gisnað af því, að miðstöðin í því hafi verið kynt um of. Þessar staðhæfingar sínar hefir stefnd þó ekki sannað. Í matsbeiðninni er það tekið fram, að matið skuli miðað við ástand eignarinnar við afsal og að fullt tillit skuli tekið til slits, eyðingar og skemmda á notkunartímabilinu frá því að kaupin fóru fram. Með tilliti þessa skýra orðalags beiðnarinnar, svo og til matsgjörðarinnar, þar sem tekið er fram, að ekki sé um svo langan tíma að ræða, að veruleg endurnýjung hafi verið nauðsynleg á húsinu, ef vel hefði verið gengið frá því í fyrstu, þá verður krafa stefnöndu um frádrátt upphæðanna samkvæmt áðurgreindum liðum ekki tekin til greina, heldur ber að dæma hana til þess að greiða stefnöndu matsupphæðina, kr. 2055,00, í skaðabætur, að viðbættu raftaugargjaldinu, kr. 240,00, eða samtals kr. 2295,00, en án vaxta, með því að ekki hefir verið stefnt til greiðslu þeirra.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rétt, að stefnd verði dæmd til að greiða stefnöndu kr. 350,00 upp í málskostnað.

Vegna embættisanna hefir dómur í máli þessu ekki orðið kveðinn upp fyrir en nú.

Miðvikudaginn 24. sept. 1930.

Nr. 30/1930.

Lárus Lárusson

gegn

Ólafi B. Magnússyni.

Frávisun.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 5. febr. 1929: Stefndur, trésmiður Lárus Lárusson Hverfisg. nr. 42 í Hafnarfirði, greiði stefnanda, Ólafi B. Magnússyni kaupmanni Laugaveg 27 í Reykjavík, kr. 259,78, ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júní 1927 til greiðsludags, og málskostnað, kr. 81,50, en geti stefndur eigi fullnægt þessu, er stefnanda heimilt að ganga að umkröfðum hitunartækjum í huseigninni nr. 41 í Hafnarfirði sem sinni eign, er stefndum ber að skila honum í jafn góðu ástandi og hann tók við þeim og greiða honum málskostnað eins og fyrir segir.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 15. apríl þ. á, samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 2. s. m., og þar sem stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta í hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt, hefir málið verið flutt þar skriflega og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að dómur undirréttarins verði ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum. Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar.

Kröfu sína um ómerkingu og frávisun frá undirréttinum rökstyður áfrýjandi með því, að í stefnunni til héraðsdómsins hafi fyrirtektarstaður ekki verið tilgreindur og hafi hann því ekki vitað, hvar átti að mæta, og einnig með því, að honum hafi heimildarlaust verið stefnt fyrir gestarétt Gullbringusýslu utan lögsagnarumdæmis síns, en málið þó ekki þingfest og rekið þar, heldur fyrir gestarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Skjöl málsins bera það með sér, að áfrýjandi hermir hvorttveggja þetta rétt, og þar sem þessir ágallar eru á stefnu og meðferð málsins og stefndi mætti ekki undir rekstri þess í héraði, þá verður samkvæmt kröfu hans að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá undirréttinum.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Það athugast, að dómsgjörðirnar eru ekki innsiglaðar, svo sem boðið er í 8. gr. laga nr. 27/1921.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur og öll meðferð málsins í héraði skal vera ómerk og visast málinu frá undirréttinum. Stefndi, Ólafur B. Magnússon, greiði áfrýjanda, Lárusi Lárussyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 1. nóvbr. f. á., fyrirtökudagur 11. dezember s. á., hefir stefnandi þessa máls, Ólafur B. Magnússon kaupmaður, til heimilis á Laugavegi nr. 27 í Reykjavík, höfð að mál þetta gegn trésmið Lárusi Lárussyni, til heimilis á Hverfisgötu nr. 42 hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 259,78, sem séu eftirstöðvar af kr. 660,00 fyrir hitatæki í húsinu nr. 41 við Hverfisgötu hér í bænum, sem stefndur hafi verið kunnugt um, að væri eign stefnanda, er stefndur hafi keypt húseign þessa af fyrverandi eiganda, eða varð eigandi hennar. Ennfremur krefst stefnandinn þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða 6% í ársvöxtu af upphæðinni, sem um var stefnt, frá 13. júní 1927 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en til vara, að stefndur verði dæmdur til þess að skila sjer aftur umræddum hitatækjum í jafn góðu ástandi og hann tók við þeim og greiði málskostnað að skaðlausu.

Við fyrirtekt málsins hefir stefndur eigi mætt eða neinn fyrir hans hönd, og ber því sankvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 og tilskipun 15. ágúst 1832, 8. gr., að dæma siefndan til að fullnægja kröfum stefnanda samkvæmt hinum framlögðu skjölum, og telst málskostnaður hæfilegur vera kr. 81,50 samkvæmt framlögðum reikningi af hálfu umboðsmanns stefnanda.